

Ed.

328. Nefndarátt

um frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leitað álits dóms- og kirkjumálaráðherra í málinu, en ekki getað orðið á eitt sátt um úrslit þess.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki mælt með frv., meðal annars sökum þess, að hann telur ekki ráðlegt að stofna fleiri húsmæðraskóla en þegar er gert, áður en skipulag er fengið, og leyfir sjer því að leggja til, að frv. sje vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún taki húsmæðrafræðsluna í landinu til ihugunar og leggi fyrir Alþingi ákveðnar tillögur um fyrirkomlag hennar svo fljótt sem verða má.

Leyfir meiri hlutinn sjer því að ráða háttv. deild til þess að afgreiða mál þetta með því að samþykkja svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki húsmæðrafræðslumálið til rækilegrar yfirvegunar og leggi svo fljótt sem verða má fyrir Alþingi tillögur sínar um skipun þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason,
form. og frsm.

Jób. Jóhannesson.